



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. desember 2014.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanfirðandi meðferð eða refsingu (OPCAT), 144. löggjafarþing 2014 - 2015. Þingskjal nr. 207. - 186. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar.

MRSÍ fagnar tillögunni og er sammála því að það sé löngu orðið tímabært að fullgilda valfrjálsu bókunina við samning S.þ. gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. MRSÍ hefur af ýmsu tilefni ítrekað við íslensk stjórnvöld mikilvægi þess að fullgilda fyrrnefndan viðauka og því yrði það mikið gleðiefni ef af verður.

MRSÍ er enn fremur sammála því að sú stofnun sem kemur til með að hafa eftirlit með framfylgd samningsins þarf að hafa fjármagn til þess að sinna því verkefni sem skyldi og hafa starfsfólk með sérþekkingu á málefninu. Þá er og mikilvægt að slík stofnun sé algerlega sjálfstæð og óháð öllu utanaðkomandi valdi, þ.e. vera óháð yfirstjórn þeirrar stofnunar sem hún heimsækir í hvert skipti sem og ríkisstjórn.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur

Túngata 14, 1. hæð – 101 Reykjavík - Iceland  
Símar/Phone + 354 552 27 20 – Fax + 354 552 27 21  
Netfang/ E-mail: [info@mannrettindi.is](mailto:info@mannrettindi.is)